

Mál nr. 74/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð M fyrir líkamstjóni þann 11. júlí 2024, er hann var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A, er ökumaður hennar, X, ók henni á kantstein og kippti við það skyndilega í stýri bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að bifreiðin kastaðist á ljósastaur og endaði utan vegar. Fór M ásamt X af vettvangi í kjölfar árekstursins en fljótlega sneri X aftur á vettvang og ræddi við lögreglu sem þá var komin á vettvang. Fram kemur í lögregluskýrslu að X hafi verið margsaga um tildrög slyssins. Var hann fenginn til að blása í áfengismæli sem sýndi 0.00% en einnig var ákveðið að taka Drug Wipe próf sem X neitaði í fyrstu að taka en heimilaði síðar. Sýndi prófið jákvæða svörun við kókaín og amfetamín. Sagðist X hafa verið í miklu sjokki eftir umferðaróhappið og farið heim til sín til að fá sér kvíðalyf og kókaín. Í símaframburði við lögreglu kvaðst M hafa farið af vettvangi þar sem engin slys hafi orðið á fólki og hafi hann farið á vinnustað sinn. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem hann hlaut við útafaksturinn. Af hálfu V hefur bótaskylda verið samþykkt en bætur skertar um 2/3 hluta vegna eigin sakar M þar sem hann tók sér far með ökumanni sem var undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

M telur að ósannað sé að X hafi verið undir áhrifum fíkniefna við akstur þegar slysið átti sér stað. Liggja þurfi fyrir matsgerð frá rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfesti ástand ökumanns en hún liggi ekki fyrir. Ennfremur fáið ekki ráðið af gögnum málsins að M hafi verið kunnugt um, hann hafi grunað eða hann hefði mátt vita að X hafi verið undir áhrifum þegar slysið átti sér stað. Þá bendir M á að samkvæmt framburði X í skýrslu lögreglu hafi hann neytt fíkniefna eftir að slysið átti sér stað. Það að taka sér far með ökumanni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna geti eitt og sér ekki leitt til þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða sem leiði til þess að tjónþoli beri eigin áhættu á tjóni. Forsenda fyrir því að M hafi getað sýnt af sér gáleysi sé að hann hafi haft vitneskju um að ökumaður hafi verið undir áhrifum. Ekkert í gögnum málsins gefi slíka vitneskju til kynna.

V leggur fram matsgerð Rannsóknarstofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að X hafi mælst með 45 ng/ml af amfetamíni og 450 ng/ml af kókaíni í blóði. Teljist hann samkvæmt því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega þegar sýnið var tekið. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé óheimilt að stjórna ökutæki undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar komi fram að bætur vegna líkamstjóns megi lækka eða fella niður ef tjónþoli varð meðvaldur að tjóni með stórkostlegu gáleysi. Hafi M vitað eða mátt vita um ástand ökumanns áður en hann tók sér far með honum og því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og verið meðvaldur að tjóni sínu. Ekki liggi annað fyrir en að M og ökumaður hafi verið í samskiptum áður en ökuferðin hófst, a.m.k. þannig að M hafi áður en aksturinn hófst gefist tækifæri til að átta sig á ástandi ökumannsins. Rétt sé því að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þetta er hin hlutlæga ábyrgðarregla laganna. Í 4. mgr. sömu greinar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfaranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur að tjóninu með

stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna. Sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði fyrir skerðingu bóta séu uppfyllt hvílir á V. Við mat á því hvort háttsemi M feli í sér stórkostlegt gáleysi ber að horfa til þess hvort hann hafi vitað eða mátt vita að X, ökumaður bifreiðarinnar, væri óhæfur til aksturs vegna neyslu fíkniefna og tekið sér far með honum þrátt fyrir það. M var ekki sérstaklega spurður af lögreglu út í ástand ökumanns eða samskipti hans við ökumann í aðdraganda slyssins. Þótt fyrir liggi að mikið magn fíkniefna mældist í blóði ökumanns skömmu eftir slysið, hefur hann sjálfur haldið því fram að neyslan hafi átt sér stað eftir aksturinn. Gögn málsins veita því ekki skýra mynd af hvað M var kunnugt um í aðdraganda slyssins. Þegar metið er hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er ekki nægilega fram komið að hann hafi haft vitneskju um fíkniefnaneyslu ökumanns eða að ástand hans hafi verið slíkt að M hafi mátt vera það ljóst. Því verður ekki talið að V hafi fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því að háttsemi M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019.

Eins og málum er hér háttað, er það mat nefndarinnar að V sé ekki heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir